

Tillaga áheyrnarfulltrúa Sósíalístaflakks Íslands um að sérstök jaðarsvæði verði skilgreind í skipulagi

Skilgreindur verði sérstaklega í skipulagi jaðar skipulagssvæða sem ætluð eru fyrir atvinnustarfsemi, þar sem hann sem er í beinni snertingu við íbúðabyggð eða viðkvæma almannaþjónustu, svo sem stofnanir þar sem börn, veikt fólk eða á annan hátt viðkvæmir hópar dveljast í lengri tíma. Skipulagsmörk atvinnu- eða athafnatengra skipulagssvæða við slíka viðkvæma byggð yrðu flögguð sem “við íbúðabyggð” þar sem skipulagssvæðin snertast. Allar atvinnulóðir upp við skipulagsmörk “við íbúðabyggð” tækju við þeirri skilgreiningu og hertum skilmálum um að starfsemi eða uppbygging valdi ekki verulega skertum lífsgæðum, hættu, mengun eða ónæði fyrir íbúa og viðkvæma hópa á aðliggjandi lóðum, umfram þá skilmála sem giltu skipulagssvæðið fyrir. Á slíkum lóðum þurfi í skipulagsferlinu að fá samþykki kjörinna fulltrúa áður en skrifað er undir byggingarleyfi eða starfsleyfi, og þurfi forhönnun að liggja fyrir og/eða áform um starfsemi á því stigi.

Greinargerð:

Ekki er gert ráð fyrir að breytingin skuli vera afturvirk á eldri mörkum atvinnusvæða og íbúðabyggðar, en eigi við um allt nýtt skipulag eða deiliskipulagsbreytingar, og ný starfs- og byggingarleyfi. Ef ný íbúðabyggð eða viðkvæm þjónusta er færð inn í deiliskipulag á aðliggjandi reit við eldra atvinnusvæði, hljóti aðliggjandi eldri atvinnulóðir á skipulagsmörkunum þó við það sjálfkrafa flaggið „við íbúðabyggð“, og herta skilmála sem fylgja. Er fyrirvarinn gerður til þess að ekki verði ráðist í að byggja upp á slíkum stað án þess að horfa þurfi til afleiðinga sem það hefur fyrir ætlaða íbúa eða viðkvæma hópa, og til þess að ekki verði komist hjá takmörkunum sem lagðar eru á jaðarlóðir af þessum toga með því að skipuleggja íbúðabyggð eftir að leyfi hefur fengist á/fyrir atvinnusvæðinu. Tilgangur þess að kjörnir fulltrúar komi að rýni og umfjöllun um skipulag á slíkum stað er að með því þurfi ekki að herða reglur um of eða of almennt. Að það sé sveigjanleiki til þess að meta aðstæður á hverjum stað og að það sé gert af þeim sem bera beina ábyrgð gagnvart íbúum og starfa í þeirra umboði.

Með þessu á að tryggja að mörk atvinnusvæða við íbúðabyggð og viðkvæma almannaðjónustu verði mykt og aðlöguð að íbúðabyggðinni, að ekki hljóttist hætta eða önnur alvarleg íþyngjandi lífsskilyrði fyrir íbúa og viðkvæma hópa í aðliggjandi byggð.